



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við endurbætur og uppbyggingu vegna Aðalstrætis 10 - R20030241

Á fundi borgarráðs þann 26. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Hvað hefur kostnaður við endurbætur og uppbyggingu húss og sýningar við Aðalstræti 10 kostað borgina frá upphafi til dagsins í dag kostað tæmandi talið, núvirt?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar menningar- og ferðamálasviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. júní sl.

Svar við fyrirspurn:

Leitað var upplýsinga hjá umhverfis- og skipulagssviði sem hefur umsjón með endurbótum og uppbyggingu á Aðalstræti 10, sem og Borgarsögusafni á menningar- og ferðamálasviði sem sér um framkvæmd við nýja grunnsýningu sem er framhald af Landnámssýningunni. Áfallinn kostnaður vegna endurbóta á húsnæði og aðgengismálum frá janúar 2018 til júní 2020 er 80.217.115 krónur og vegna nýrrar grunnsýningar er áfallinn kostnaður 67.788.263 krónur fyrir sama tímabil, eða heildarfjárhæð samtals 147.995.378 krónur. Núvirt heildarfjárhæð er 157.069.487 krónur miðað við byggingarvísitölu.

Huld Ingimarsdóttir

staðgengill sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs